

Úrskurður
úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála
í máli nr. 2/2012,
IP-Fjarskipti ehf.
gegn
Póst- og fjarskiptastofnun

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 8. febrúar 2012, kæra IP- Fjarskipti ehf. (Tal) ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja um umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7), dags. 13. janúar sl. Tal var ásamt nokkrum öðrum fjarskiptafyrirtækjum með hinni kærðu ákvörðun útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og voru kvaðir lagðar á fyrirtækið í samræmi við það.

Af hálfu kæranda mál þessa, IP- Fjarskipti ehf. (Tal), er þess krafist að úrskurðarnefnd ógildi hina kærðu ákvörðun nr. 3/2012 um að útnefna Tal með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökumfarsímanetum og leggja á félagið kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Til vara er þess krafist að úrskurðarnefndin ógildi ákvörðun Póst- og símamálastofnunar um að leggja á félagið kvöð um eftirlit með gjaldskrá.

Með tölvuósti dags. 7. mars sl. óskaði Fjarskipti ehf. (Vodafone) eftir aðild að málinu og að koma að athugasemdum við kærðu Tals og eftir atvikum greinargerð PFS.

PFS leggst ekki gegn aðild Vodafone og telur eðlilegt að öllum fjarskiptafyrirtækjunum sem hin kærða ákvörðun snýr að verði gefið færi á að gerast aðilar málsins.

Kærandi mótmælir því að Vodafone verði veitt aðild að málinu Kærandi krefst þessi einnig, fallist úrskurðarnefnd á beiðni Vodafone, að kostnaður vegna aðildar Vodafone í málinu falli ekki í neinum tilvikum á kæranda.

Krafa Vodafone um aðild að málinu verður nú tekin fyrir.

II. Helstu málsatvik

Mál þetta varðar markaðsgreiningu PFS á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Niðurstaða PFS úr þeirri greiningu var að útnefna Símann hf., Fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova, IMC Ísland ehf. og kæranda með umtalsverðan markaðsstyrk á lúkningu símtala í eigin farsímanetum eða sýndarfarsímaneti (Tal). Kvaðir voru lagðar á öll fjarskiptafyrirtækin. Á kæranda voru lagðar kvaðir um að veita aðgang að farsímaneti vegna lúkningar símtala, kvöð um jafnræði og kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá felur í sér að fjarskiptafyrirtækjunum er gert að hlíta stjórnun um verðlagningu á lúkningu símtala í viðkomandi farsímanetum og að eftirlit sé haft með henni. Þar með var fjarskiptafyrirtækjunum þ.m.t. kæranda m.a. gert að lækka lúkningarverð í GSM/UMTS og/eða sýndarfarsímanet sín í áföngum til 1. janúar 2013 þegar lúkningarverð allra félaganna eiga að vera jöfn. Miða skal við kostnaðargreind verð sem erum u.þ.b. 4,0 kr./mín. eða þeirri fjárhæð sem verðsamanburður PFS leiðir í ljós sé um aðra fjárhæð að ræða. Kærandi skal lækka lúkningarverð sitt í áföngum, þ.e. úr 12,7 kr./mín. í 5,5 kr./mín. þann 1. mars 2012 og í 4,0 kr./mín. þann 1. janúar 2013. Um er að ræða hámarksverð án virðisaukaskatts.

III. Helstu sjónarmið aðila

1.

Vodafone vísar til fyrri úrskurða úrskurðarnefndar í málum nr. 2, 5, 6, 7 og 8 frá árinu 2007 og nr. 5/2008, til stuðnings kröfu sinni um aðild. Í umræddum málum hafi Vodafone átt fulla aðild að máli og átt þess kost að tjá sig bæði um kæru og andsvör PFS.

2.

Kærandi krefst þess m.a. að úrskurðarnefnd hafni beiðni Vodafone um aðild að málinu. Að mati kæranda séu aðstæður aðrar í þessu máli en þeim málum sem Vodafone vísi til í beiðni sinni. Vodafone hafi verið veitt aðild að málunum en um hafi verið að ræða kærur þar sem PFS hafi komist að þeirri niðurstöðu að Vodafone væri ekki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og því var það hagsmunamál fyrir Vodafone að tryggja að umræddar ákvarðanir PFS yrðu staðfestar af úrskurðarnefndinni. Kærandi er ekki sammála niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli nr. 4/2009 að Vodafone hafi átt lögmætan rétt til að eiga aðild að því máli.

Á það er bent að hin kærða ákvörðun feli ekki sér neinar breytingar á stöðu Símans, Vodafone, Nova og IMC Ísland, þrátt fyrir að hún beinist einnig að þessum fyrirtækjum. Hún staðfesti einugis þær kvaðir sem lagðar hafi verið á þessi fyrirtæki með ákvörðun PFS nr. 18/2010. Vodafone hafi ekki kært síðarnefndu ákvörðunina. Hin kærða ákvörðun hafi eingöngu í för með sér verulegar breytingar á stöðu kæranda og hafi aðeins hann beina, verulega og lögvarða hagsmuni af niðurstöðu þessa máls. Vodafone sé keppinautur kæranda líkt og önnur farsímafyrirtæki og hagsmunir Vodafone af niðurstöðu þessa máls geti því hvorki talist einstaklegir né verulegir.

3.

Í athugasemdum PFS, dags. 12. mars sl., við beiðni Vodafone um aðild að málinu kemur m.a. fram að stofnunin telji eðlilegt að Vodafone, Nova, Síminn og IMC Ísland gefist færi á að gerast aðilar málsins. Umræddir aðilar geti haft mikla fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu málsins, síst þó Síminn.

IV. Niðurstöður

1.

Mál þetta varðar beiðni Vodafone um aðild að kæru Tals á ákvörðun PFS nr. 3/2012. Umrædd ákvörðun PFS kveður á um að kvaðir skyldu lagðar á Símann, Vodafone, Nova, IMC Ísland og Tal þar sem fyrirtækin væru með umtalsverðan markaðsstyrk á heilidsöllumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaði 7). Árið 2010 hafði PFS greint umræddan markað og komist að þeirri niðurstöðu að Síminn, Vodafone, Nova og IMC Alterna væru með umtalsverðan markaðsstyrk í sínum farsímanetum og lagt sambærilegar kvaðir á fyrirtækin, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2010 frá 16. júlí 2010.

Ákvörðun PFS nr. 18/2010 var ekki kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Aftur á móti kærði Tal ákvörðun PFS nr. 3/2012, hina kærðu ákvörðun í máli þessu, sem dagsett er 13. janúar 2012, þann 8. febrúar sl., en kærufrestur er fjórar vikur frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðunina. Önnur fyrrgreind fjarskiptafyrirtæki hafa ekki kært ákvörðunina innan þessara tímamarka.

Þann 7. mars sl. óskar Vodafone eftir aðild að málinu og tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum við kæru Tals og efnislegri greinargerð PFS. Eins og áður segir krefst Tal þess að aðildarbeiðni Vodafone verði hafnað en PFS telur að verða beri við henni.

2.

Í reglugerð nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kemur m.a. fram að málsmeðferð nefndarinnar skuli vera í samræmi við ákvæði 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og að um meðferð mála fyrir nefndinni fari að öðru leyti eftir VII. og VIII. kafla stjórnarsýslulaga, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Hvorki er í reglugerð nr. 36/2009 né stjórnarsýslulögum skilgreint til hlítar hver skuli vera skilyrði aðildar að málum samkvæmt þeim lögum og reglugerð. Lögskýringargögn og dómaframkvæmd gefa til kynna að aðildarhugtak í stjórnarsýslumálum beri að skýra rúmt, þannig að ekki sé einungis átt við þá, sem eiga beina aðild að máli heldur einnig þá sem hafa þar verulegra hagsmuna að gæta. Almennt er sá talinn geta verið aðili máls sem á eintaklega og sérstakra hagsmuni að gæta af málsúrslitum.

3.

Vodafone kærði ekki ákvörðun nr. 3/2012 innan þeirra fresta sem lögboðnir eru svo sem hann átti þó rétt til. Af því leiðir að hann getur ekki nú skapað sér aðild í tengslum við kæru Tals, eftir að lögboðnir kærufrestir eru liðnir, til þess að láta til sín taka um kærumálið. Vodafone telst að mati úrskurðarnefndarinnar ekki hafa sýnt fram á eintaklega og sérstaka hagsmuni að slíkri aðild umfram önnur fyrrgreind farsímafyrtæki.

Að teknu tilliti til ofangreinds telur úrskurðarnefndin að ekki séu lagaskilyrði til þess að taka kröfu Vodafone til greina um aðild að máli þessu til greina..


Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008 um Póst- og fjarskiptastofnun.


V. Úrskurðarorð

Kröfu Fjarskipta ehf. (Vodafone) um aðild að kæru á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 3/2012 frá 13. janúar 2012 er hafnað.

Reykjavík, 26. mars 2012.


Stefan Már Stefánsson


Brynja I. Hafsteinsdóttir


Kirstín Þ. Flygenring